

HULDAR BREIÐFJÖRD, RÚNAR HELGI VIGNISSON OG GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Satt að segja

Inngangur að þema

Flestir skilja hvað átt er við með hugtakinu sannleikur þótt enginn geti sagt nákvæmlega til um hvað það merkir, enda veltur sannleikur stundum á viðhorfi fólks og upplifun eða jafnvel bakgrunni. Þegar hann gerir það ekki er hann óháður afstöðu. Jafnvel þá er ekki víst að hægt sé að negla hann niður með hundrað prósent nákvæmni. Þannig fjallar óvissulögmál Heisenbergs um að eðli veruleikans sjálfs sé með þeim hætti að ógerlegt sé að komast hjá óvissunni, óháð því hversu nákvæm mælitæki við notum.¹ Þar fyrir utan er sannleikurinn líka smekksatriði og spurning hvort okkur þyki hann „sagna bestur“ eða frekar að satt megi „kyrrt liggja.“ Aftur á móti hafa heimspekingar haft misjafnar skoðanir á því í gegnum tíðina hvað er satt og sett fram ýmsar kenningar um sannleikann.

Samkvæmt *samsvörunarkenningu*² byggist sannleikur á samræmi við hlutlægan veruleika. Setning er því sögð vera sönn ef og aðeins hún lýsir raunverulegu ástandi í heiminum. Vandinn er að útskýra hvert nákvæmlega samræmið er. *Samkvæmniskennin*³ heldur því fram að sannleikur ráðist af samkvæmni einhvers hóps setninga eða skoðana. Skoðun er aðeins sönn ef hún er samrýmanleg

¹ Jan Hilgeward, „The Uncertainty Principle“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, sumar 2024, ritstjórar Zalta N. Edward og Uri Nodelman, sótt 3. desember 2024 af <https://plato.stanford.edu/entries/qt-uncertainty/>.

² David Marian, „The Correspondence Theory of Truth“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, sumar 2022, ritstjóri Edward N. Zalta, sótt 3. desember 2024 af <https://plato.stanford.edu/entries/truth-correspondence/>.

³ James O. Young, „The Coherence Theory of Truth“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*, uppfærð útgáfa 2018, ritstjórar Zalta N. Edward og Uri Nodelman, sótt 3. desember 2024 af <https://plato.stanford.edu/entries/truth-coherence/>.



Ritið

2. tbl. 24. árg. 2024 (1-6)

© 2024 Ritið, úmarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.3.1
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

öllum eða flestöllum öðrum skoðunum viðkomandi. Og samkvæmt *samkomulagskenningu*⁴ er eitthvað satt ef hópur fólks samþykkir það. Sannleikurinn er einfaldlega spurning um samkomulag.

Til eru miklu fleiri kenningar um sannleikann og í raun svo margar að fjöldi þeirra bendir til að hann sé háll sem áll. Niðurstaðan er líklega sú að við sjáum öll heiminn með mismunandi hætti. Þó höfum við flest skoðun á sannleikanum og eigum við hann flókið samband ef draga má ályktun af fjölda ólíkra orðatiltækja sem til eru í íslensku máli: *Sannleikanum verður hver sárreiðastur. Sannleikurinn er sagnafár. Sannleikurinn bitur best.* Og þar fram eftir götunum.

Á undanförunum árum hefur áhugi og útgáfa á „sönnum“ frásögnum hvers konar aukist mjög bæði hér heima og erlendis. Fjöldi heimildamynda hefur birst okkur á undanförunum árum þar sem efnistökin koma oft á óvart, sprenging hefur orðið í hlaðvörpum sem rekja raunverulega atburði og sakamál og í bókmenntum hefur mikil gróska verið í óskálduðum sögum. Á sama tíma hefur enska hugtakið „creative non-fiction“ náð flugi en hér er það þýtt sem *sannsögur*.

Á Vísindavefnum er spurt: *Hvernig get ég verið viss um að vísindamenn og háskólaþrúfessorar svari spurningum mínum rétt?* Svarið er á þá leið að maður geti ekki verið viss en líklega séu þeir þó að leggja sig fram og að segja satt.⁵ Þótt næstum séu komin 25 síðan svarið var skrifað er spurningin enn góð og gild og minnir á umræðuna sem hefur stundum skapast í kringum sannsögur eftir að höfundar tóku að nálgast staðreyndir og sannleika á meira skapandi hátt. Eru þeir að segja satt? Þótt núorðið séu allir sammála um að jörðin sé hnöttótt og nákvæmlega hundrað sentimetrar í einum metra, erum við enn að koma okkur saman um hvað sé „sönn saga“. Því sannleikurinn er eins og hann er og þar spilar inn í smekkur, nákvæmni, afstaða og ótal margt fleira.

Í þessu þemahefti *Ritsins* mætast fræðimenn og rithöfundar í nágrenni við sannleikann og birta okkur fjórar ritrýndar greinar og sex esseyjur sem ýmist snerta með beinum hætti á sannsögunni eða sveima í kringum hugtakið. Í greininni „Í sambandi við veruleikann - skoðun á aðferðafræði og birtingarmyndum sannsagna“ nálgast gestarítstjórnarnir Huldar Breiðfjörð og Rúnar Helgi Vignisson hugtakið úr ýmsum áttum og skoða hvernig fræðimenn hafa skilgreint sann-

⁴ Mary Hesse, „Habermas’ Consensus Theory of Truth“, *Proceedings of the Biennial Meeting of the Philosophy of Science Association, Volume Two: Symposia and Invited Papers*, 1978, bls. 373–396, sótt 3. desember 2024 af <https://www.jstor.org/stable/192479>.

⁵ Erlendur Jónsson, „Hvernig get ég verið viss um að vísindamenn og háskólaþrúfessorar svari spurningum mínum rétt?“, *Vísindavefurinn* 28. mars 2000, sótt 9. desember 2024 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=297>.

sögur og dregið línuna á milli þeirra og annarra bókmennta. Sannsögur í einhverju formi hafa verið til um aldir en umræða um þær í nútímaskilningi – sem rekja má aftur til franska heimspekingins Michel de Montaigne – hefur orðið fyrirferðameiri á undanförunum árum. Sannsaga snýst öðru fremur um aðferð og nálgun en hugtakið hefur þó líka verið notað til flokkunar.

Grein Soffiu Auðar Birgisdóttur ber yfirskriftina „Hin mörgu gervi æviskrifa“ en í henni rýnir hún í rannsóknasögu sjálfsæviskrifa. Þar leggur hún upp með þá staðhæfingu að „samruni hins skáldaða og hins sjálfsævisögulega“ sé eitt helsta einkenni fagurbókmennta nú á dögum. Soffía Auður veltir fyrir sér hvað sé skáldævisaga og spyr meðal annars hver sé munurinn á henni, sjálfsævisögunni og skáldsögunni.

Flóki Larsen beinir sjónum að *Harmsögu æfi minnar* í grein sinni „Olnbogabarnið Jóhannes Birkiland“. Þar skoðar hann birtingarmynd andhetjunnar í *Harmsögunni* og öðrum íslenskum sjálfsævisögum, til dæmis skáldævisögur Þórbergs Þórðarsonar og *Ferðasögu Árna Magnússonar frá Geitastekk*. Rýnt er í verkin með það að leiðarljósi að þau liggja á mörkum skáldskapar og veruleika.

Fjórdða fræðigrein heftisins er eftir Huldar Breiðfjörð en þar er spurt: „Er ferðasagan dauð?“ Hinn langi þróunartími ferðasögunnar er rakinn og könnuð staða hennar í dag. Ferðaskrif hafa tekið umtalsverðum breytingum í aldanna rás enda hefur hlutverk þeirra færst frá því að vera ýmist praktískt eða vísindalegt tól landkönnuða og ferðalanga yfir í að verða að bókmenntum sem virðast ýmist hugsaðar til afþreyingar eða fræðslu. Í greininni verður auk þess velt vöngum yfir eftirfarandi spurningum: hversu sönn þarf ferðasaga að vera og er enn líf með þessu formi?

Þrjár nýjar íslenskar esseyjur voru sérstaklega samdar fyrir heftið um sannsögur. „Köldukvíslarkver“ er persónuleg esseyja þar sem sagnfræðingurinn Dalrún Kaldakvísl blandar saman eigin upplifunum, ljósmyndum og viðtölum sem hún tók við sveitunga sína við Köldukvísl í Mosfellsdal. Ritgerðina mætti raunar flokka sem ný-náttúruskrif en skrif af þeim toga þykja angi af ferðasögunni. Í annarri persónulegri esseyju, „Sann-leikurinn“, í þýðingu Rúnars Helga Vignissonar, veltir rithöfundurinn Margrét Ann Thors fyrir sér stöðu kristinnar trúar í samtímanum og ekki síst samspili trúar og sannleikans, út frá tungumálunum ensku og íslensku. Hún leikur sér að orðunum og vonast til að ung dóttir sín spili sann-leikinn þegar hún vex úr grasi. Loks skrifar Gunnþórunn Guðmundsdóttir „Þætti af minni og gleymsku“ í esseyju þar sem hrærast saman fræði, skáldskapur og minningabrot. Gunnþórunn veltir fyrir sér eðli minninga og gleymsku og þeim aðferðum sem við beitum til að bjarga fortíðinni frá því að hverfa okkur

endanlega. Einnig fjallar hún um varðveislu fjölskyldusagna og það hlutverk sem mæður eiga til að leika þar – sem minnisbankar.

Í heftinu er einnig að finna þrjár nýjar þýðingar. Persónulega esseyjan „Heimkomur“ eftir franska nóbelsverðlaunahöfundinn Annie Ernaux og í þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttur segir frá stuttri heimsókn höfundarins til móður sinnar og bregður sterku ljósi á samband þeirra mæðgna. „Sannleikur sem við gætum lifað með“ eftir Robin Hemley og í þýðingu Huldars Breiðfjörð rekur einnig samband höfundar og móður og inniheldur vangaveltur um hver má skrifa um hvern innan sömu fjölskyldu. Hemley hefur sent frá sér 15 bækur og kennt ritlist við háskóla víða um heim, nú síðast sem gestakennari við meistaranámið í ritlist við HÍ. Huldar Breiðfjörð þýðir jafnframt þriðju ritgerðina sem er „Sannleikurinn í Oxiana“ eftir Tom Bissell sem er bandarískur blaðamaður, gagnrýnandi og rithöfundur. Í henni skoðar hann hversu sannur texti yfirleitt getur verið en ritgerðin hefur vakið töluverða athygli þeirra sem láta sig sannsögur varða. „Mér sýnist sú krafa að óskálduð saga innihaldi eingöngu ófegraðar staðreyndir eigi misvel um við um greinar óskáldaðra skrifa,“ skrifar Bissell. Í ritgerðinni fjallar hann einnig um hvernig samhengi texta og það í hvaða formi hann endar hjá lesandanum ráði miklu um hversu mikið höfundurinn megi hagræða sannleikanum.

Um leið og heftið er tilraun til að setja frekari umræður um sannsögur á dagskrá hér á landi og skýra betur þau hugtök sem spröttið hafa upp í kringum þær erlendis, er einnig spurt hversu sannar sannsögur geti verið og kannski ekki síður *þurfi* að vera. Stundum hefur nefnilega allt orðið vitlaust þegar einhver sannsagan hefur ekki þótt nógu sönn og heilu höfundarnir jafnvel verið blásnir af fyrir framan alþjóð af þeim sökum.⁶

Sannsögur koma nú oftast út á Íslandi og í jólabókafloðinu 2024 er að finna bókina *Innanríkið: Alexius* eftir Braga Ólafsson en á kápu hennar segir að höfundurinn beini athyglinni að því „sem ekki telst endilega vera skáldskapur“. Vissulega er hér öllu haldið galopnu en við lestur bókarinnar – sem byggir á minningum úr lífi höfundar – fær lesandinn stundum á tilfinninguna að Bragi sé að segja svolítið ósatt og færa í stílinn. Þó er eins og sýn höfundarins á hlutina verði einhvern veginn enn *sannari* en ef kórrétt væri sagt frá. Kannski er lærdómurinn

⁶ Árið 2006 fékk bandaríski þáttastjórnandinn Oprah Winfrey rithöfundinn James Frey til sín í sjónvarpsþátt sinn The Oprah Winfrey Show og sakaði hann um fara of frjálsglega með sannleikann og falsa staðreyndir í nýlega útkominni bók hans *A Million Little Pieces* en hún hafði verið sett fram sem endurminningabók. Frey hafði verið á miklu flugi með bók sína en lítið sem ekkert spurðist til hans eftir ásakanir Winfrey.

sá að þau sem leggja fyrst og síðast áherslu á sannleikann í sinni lestrarupplifun ættu að lesa eitthvað annað en sannsögur.

Að þessu sinni fellur ein grein utan þema en hún nefnist „Lifandi veggir og mannabústaðir undir yfirborði jarðar“ og er eftir Helgu Jónsdóttur. Greinin fjallar um ókennileg rými og innilokaðar konur í tveimur verkum eftir Kristínu Eiríksdóttur; ljóðabókinni *Kjötbænum* (2004) og smásögunni „Þremur hurðum“ sem birtist í smásagnasafninu *Doris deyr* (2010). Helga fjallar um óhugnaðinn í verkunum og greinir þau með hliðsjón af frásagnareinkennum hryllingsbókmennta. Ekki síst leggur hún áherslu á ókennilegu rýmin í sögunum en með greiningu sinni dregur hún fram hvernig þau endurspeglar og varpa ljósi á hugarheim persóna. Þá ræðir Helga einnig um samfélagsádeiluna sem greina má í báðum verkum og varpar ljósi á hvernig henni er miðlað með súrrealisma og óhugnaði.

Ljósmyndin sem prýðir kápu *Ritsins* að þessu sinni er eftir Einar Fal Ingólfs-son og var hún tekin í Varanasi, Indlandi 2024.

